

# Náttúruskóli Reykjavíkur á grænni grein

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	1
2. Umhverfisnefnd Náttúruskóla Reykjavíkur .....	2
3. Mat á stöðu umhverfismála í Náttúruskóla Reykjavíkur .....	3
4. Markmið og áætlun um aðgerðir .....	3
5. Eftirlit og endurmat .....	4
6. Fræðsla .....	4
7. Kynning á umhverfisstefnu Náttúruskóla Reykjavíkur .....	5
8. Umhverfissáttmáli Náttúruskóla Reykjavíkur.....	5
Fylgiskjöl .....	6
Fylgiskjal 1 – Fundargerðir umhverfisnefndar Náttúruskóla Reykjavíkur skólaárið 2010-2011. ....	6
Fylgiskjal 2 – Gátlisti Náttúruskólans útfylltur í nóvember 2010. ....	10
Fylgiskjal 3 – Sýnishorn af upplýsingapósti, fyrir og eftir áherslur vormisseris.....	12
Fylgiskjal 4 – Sýnishorn af heimasvæði verkefnisins á vef Náttúruskólans.....	15
Fylgiskjal 5 – Kafli úr Ársskýrslu Náttúruskóla Reykjavíkur 2010. ....	16

## 1. Inngangur

Náttúruskóli Reykjavíkur var stofnaður sem samstarfs- og þróunarverkefni Umhverfissviðs, Menntasviðs, Leikskólasviðs, Skógræktarfélags Reykjavíkur og Landverndar í ágúst 2005. Markmið skólans hefur frá upphafi verið tvíþætt:

- 1) Að efla útikennslu í grunn- og leikskólum borgarinnar og
- 2) Að skapa vettvang fyrir heilsteypt umhverfisstarf í skólum í anda umhverfisstefnu borgarinnar.

Frá upphafi hefur það verið markmið Náttúruskóla Reykjavíkur að starf hans sé í anda góðrar umgengni við náttúru og umhverfi og taki mið að umhverfisstefnu Umhverfis- og samgöngusviðs en skólinn komst formlega á græna grein í febrúar 2009.

Starf skólans felst aðallega í fræðslu til kennara, skólastjórnenda, leiðbeinenda og annars starfsfólks skólanna og fer fram á námskeiðum á vegum Náttúruskólans, námskeiðum á starfsdögum skólanna, á kynningum og fundum, með ráðgjöf og handleiðslu.

Starfi Náttúruskóla Reykjavíkur er stýrt af verkefnisstjórn skólans í samstarfi við verkefnisstjóra. Verkefnisstjórn er skipuð fulltrúum Umhverfis- og samgöngusviðs, Menntasviðs, Skógræktarfélags

Reykjavíkur og Landverndar en faglegt starf skólans er á ábyrgð verkefnisstjóra. Verkefnisstjórnin fundar að jafnaði 10 sinnum á ári.

## 2. Umhverfisnefnd Náttúruskóla Reykjavíkur

Nemendahópur Náttúruskólans er afar fjölbreyttur. Þátttakendur á námskeiðum koma úr allflestum leik- og grunnskólum borgarinnar en einnig frá öðrum stofnunum borgarinnar, félagasamtökum og víðar. Verkefnisstjórn Náttúruskóla Reykjavíkur tók ákvörðun um skipun umhverfisnefndar skólans 20. maí 2010. Ákveðið var að nefndin skyldi skipuð tveimur fulltrúum úr grunnskólum borgarinnar, tveimur úr leikskólum borgarinnar, einum fulltrúa annarra þátttakenda á námskeiðum og einum meðlimi verkefnisstjórnar Náttúruskólans (fulltrúi „skólastjórnenda“).

Umhverfisnefnd Náttúruskólans er skipuð til eins árs í senn. Óskað var eftir sjálfboðaliðum til að sitja í nefndinni skólaárið 2010-2011 úr hópi þeirra sem sótt hafa námskeið á vegum Náttúruskólans á sl. fjórum árum og fékk beiðnin afar jákvæðar undirtektir. Verkefnisstjórn valdi úr hópi sjálfboðaliða þá sem boðið var til setu í fyrstu nefndinni og þáðu allir boðið. Verkefnisstjóri Náttúruskólans sat einnig í umhverfisnefndinni.

Eftirfarandi skipa fyrstu umhverfisnefnd Náttúruskóla Reykjavíkur, skólaárið 2010-2011:

- J. Aðalheiður Vilhjálmisdóttir, Garðaborg – fulltrúi leikskóla
- Jónína Guðný Bjarnadóttir, Hálsakot – fulltrúi leikskóla
- Hafdís Ragnarsdóttir, Foldaskóli – fulltrúi grunnskóla
- Jóhanna Höskuldsdóttir, Engjaskóli – fulltrúi grunnskóla
- Hildur Arna Gunnarsdóttir, Grasagarður Reykjavíkur – fulltrúi annarra þátttakenda
- Þórólfur Jónsson, Umhverfis- og samgöngusvið – fulltrúi verkefnisstjórnar
- Helena Óladóttir, verkefnisstjóri Náttúruskóla Reykjavíkur

Nefndin kom fyrst saman í júní 2010 þar sem meðlimir hennar fengu tækifæri til að kynna, ýmsum gögnum<sup>1</sup> til stuðnings var dreift og rætt var um starf nefndarinnar komandi vetur.

Allir meðlimir nefndarinnar hafa tekið þátt í fundarstjórn og ritun fundargerðar með þeim hætti að ritari fundarins er fundarstjóri næsta fundar á eftir auk þess sem fundurinn fer fram á vinnustað viðkomandi fundarstjóra. Þannig fá allir tækifæri til að hafa áhrif á fyrirkomulag fundanna auk þess sem meðlimir nefndarinnar fá tækifæri til að skyggjast inn í aðra skóla og vinnustaði. Með þessu móti hefur verið reynt að draga úr vægi verkefnisstjóra Náttúruskólans en eins og gefur að skilja lendir mikið af verkefnum nefndarinnar á hans herðum. Að sama skapi er hver fundargerð með sínu sniði og ekki af stöðluðu formi.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn í Grasagarði Reykjavíkur 23. ágúst 2010. Umhverfisnefndin fundaði fimm sinnum á bilinu ágúst 2010 til mars 2011. Þrjár fundir nefndarinnar eru fyrirhugaðir

---

<sup>1</sup> Eftirtöldum gögnum var dreift til allra meðlima nefndarinnar: Umhverfisstefna Umhverfis- og samgöngusviðs, Vottorð um umhverfisstjórnunarkerfi (ljósrit), ýmis gögn er varða Umhverfisstjórnun í Náttúruskóla Reykjavíkur (ljósrit), Reykjavík í mótun – Stefnuþingun í átt að sjálfbærri samfélagi í Reykjavík 2015, Ársskýrsla Náttúruskóla Reykjavíkur 2007, 2008 og 2009.

vorið 2011 (þ.e. eftir ritun greinargerðar þessarar) hver í sínum mánuði, apríl, maí og júní 2011. Alls er því um að ræða átta fundi á 10 mánaða tímabili skólaársins. Fyrstu fjórar fundargerðir umhverfisnefndar, sem samþykktar hafa verið þegar þessi greinargerð er rituð og eru birtar á heimasíðu Náttúruskólans, er að finna í fylgiskjali 1.

Helstu viðfangsefni fundanna voru eftirtalin:

- Gátlisti – umræður um gátlista verkefnisins, gagnrýni á innihald hans og aðlögun að starfi Náttúruskólans. Sjá [3. Mat á stöðu umhverfismála í Náttúruskóla Reykjavíkur](#).
- Markmið skólaársins (vormisseris), þemu valin og rædd, endurmat og eftirlit. Sjá [4. Markmið og áætlun um aðgerðir](#) og [5. Eftirlit og endurmat](#).
- Fræðsla á vegum Náttúruskólans. Sjá nánar [6. Fræðsla](#).
- Umhverfisstefna Náttúruskólans – kynning, fræðsla, heimasíðumál. Sjá [7. Kynning á umhverfisstefnu Náttúruskóla Reykjavíkur](#) og [8. Umhverfissáttmáli Náttúruskóla Reykjavíkur](#).

### 3. Mat á stöðu umhverfismála í Náttúruskóla Reykjavíkur

Fyrsta verkefni umhverfisnefndarinnar var að skoða gátlista verkefnisins *Skólar á grænni grein* og aðlaga hann að starfsemi Náttúruskóla Reykjavíkur. Á fundi nefndarinnar í ágúst skipti hún með sér verkum þannig að hver meðlimur nefndarinnar tók fyrir tvo kafla gátlistans. Þannig var hver kafli gagnrýndur af tveimur meðlimum nefndarinnar og í kjölfarið tekinn fyrir á fundi hennar. Þessi vinna var allviðamikil og miklar umræður fóru fram um hvaða þættir ættu heima í gátlistanum og hverjir væru á ábyrgð annarrar umhverfisstyringar<sup>2</sup>. Að endingu (og eftir talsverðar sameiningar og ústrikaniir) féllst nefndin á að gátlistinn samanstæði af fimm köflum: Innkaup og nýtni, Meðhöndlun á rusli, Umgengni og nánasta umhverfi, Kynning og menntun og Skrefin sjö.

Verkefnisstjóri Náttúruskólans fyllti gátlistann út í nóvember 2011, sjá fylgiskjal 2, og var útkoman til umræðu á fundi nefndarinnar í desember 2010. Á grunni þeirrar umræðu voru teknar ákvarðanir um framhaldið.

### 4. Markmið og áætlun um aðgerðir

Á grundvelli niðurstaðna gátlistans var tekin ákvörðun á fundi umhverfisnefndar í desember 2010 að leggja skyldi áherslu á *samgöngur* á vormisseri 2011. Niðurstöður gátlistans bentu til þess að Náttúruskólinn gæti gert betur í því að hvetja fólk til umhverfisvænni samgönguhátta með fræðslu, leiðbeiningum, fyrirkomulagi námskeiða o.fl. Þema vormisserisins 2011 er því *samgöngur*. Markmið vormisserisins er að auka meðvitund nemenda Náttúruskólans um umhverfisvænar samgöngur. M.a. er það gert í upplýsingapósti, sem ávallt er sendur skráðum þátttakendum á námskeiðum. Skulu þátttakendur hvattir til að koma fótgangandi eða hjólandi og áætlun almenningsgangna á námskeiðsstað birt í póstinum. Einnig skal hvetja þá, sem hyggjast koma á einkabíl til kennslunnar, til að samnýta ferðir.

---

<sup>2</sup> Náttúruskóli Reykjavíkur er hluti starfsemi Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkur en sviðið hefur fengið umhverfisvottunina ISO14001 á starfsemi sína. Meirihluti rekstar Náttúruskólans fellur undir þá umhverfisstjórn.

Umhverfisnefnd Náttúruskólans ákvað einnig að umhverfisstefna Náttúruskólans og fréttir af dvöl hans á grænni grein skyldi vera öllum aðgengileg á vef skólans. Strax í október var heimasíðu skólans breytt til að koma efninu á framfæri og fyrstu tvær fundargerðirnar (þær sem þá höfðu verið samþykktar á nefndarfundum) voru birtar í október. Á vefnum er einnig að finna upplýsingar um umhverfisnefnd Náttúruskólans og stefnt er að birtingu umhverfisstefnu skólans þar þann 1. apríl nk.

Í framhaldi af þessari ákvörðun nefndarinnar var ákveðið að vísað skyldi á umhverfisstefnu Náttúruskólans í öllum upplýsingapóstum sem skólinn sendir.

Sýnishorn af upplýsingapósti fyrir og eftir þessar breytingar er að sjá í fylgiskjali 3 en í fylgiskjali 4 er sýnishorn af heimasvæði verkefnisins á vef Náttúruskólans, [www.natturuskoli.is](http://www.natturuskoli.is).

## 5. Eftirlit og endurmat

Í raun má segja að eftirlit með að Náttúruskóli Reykjavíkur fylgi eftir markmiðum sínum í umhverfismálum sé tvíþætt.

Annars vegar felst mjög mikið aðhald í fundum umhverfisnefndar skólans. Þar eru mál krufin til mergjar og þar koma fram margvíslegar hugmyndir um endurbætur. Mjög mikil vinna er að baki endurgerð gátlustans og óhætt er að segja að allt hafi verið undir í þeirri vinnu.

Hins vegar er eftirlitið fólgið í fyrirhuguðum heimsóknum fulltrúa umhverfisnefndarinnar á námskeið Náttúruskólans. Þegar þessi greinargerð er rituð er námskeiðum vormisserisins ólokið en stefnt er að því að nefndarmeðlimir komi á einhver námskeiðanna með það fyrir augum að líta eftir samgönguáherslum vormisserins. Símat verður í gangi á námskeiðunum, þ.e. þátttakendur verða inntir eftir því með hvaða hætti þeir komu til námskeiðanna (spurningalisti) en ætlunin er að meðlimir umhverfisnefndarinnar fái tækifæri til að taka einstaka þátttakendur tali til að fylgjast með sýnileika umhverfismarkmiða Náttúruskólans.

Með þessu móti, tvíþættu eftirliti og mati, fást í vor upplýsingar um hversu vel Náttúruskólanum hefur tekist að ná markmiðum sínum og á þær upplýsingar bíða nýrrar umhverfisnefndar þegar hún hefur störf í ágúst nk.

## 6. Fræðsla

Fram til þessa hefur fræðsla um umhverfismál verið áberandi í starfi Náttúruskólans. Hafa á síðustu tveimur árum verið haldin fjölmörg námskeið um m.a. lífbreytileika, loftslagsmál, vistspor og sjálfbæra þróun. Á því verður engin breyting að sinni. Áfram verður haldið að fræða þátttakendur um umhverfismál í þeim anda sem verið hefur. Tvær meginbreytingar verða þó sýnilegar á vormisserinu, þ.e. áherslan á samgöngur og aukin upplýsingagiöf um vægi umhverfismála í Náttúruskólanum (sbr. upplýsingapóstur til þátttakenda og heimasíða).

Eins og fram kemur hér að framan er áhersla vormisserisins á að bæta meðvitund nemenda Náttúruskólans um samgöngumál. Í því tilliti skipuleggur Náttúruskólinn sérstakt námskeið í tengslum við *Hjólalá í vinnuna* og *Hjólalafærni* og fær til liðs við sig Sesselju Traustadóttur, framkvæmdastýru *Hjólalafærni* og Pálma Frey Randversson, sérfræðing á Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkur.

Markmið námskeiðsins er að varpa ljósi á möguleika reiðhjólans í skólastarfi, bæði til fræðslu og skemmtunar, sem farartækis í vettvangsferðum o.fl. Á námskeiðinu verður farið yfir ýmis öryggisatriði er varða hjólreiðar, mögulegar hjólaleiðir, praktísk atriði og einfaldar viðgerðir (viðhald).

## 7. Kynning á umhverfisstefnu Náttúruskóla Reykjavíkur

Strax á fyrsta fundi umhverfisnefndar Náttúruskólans var ákveðið að gera sérstakt svæði á heimasíðu Náttúruskólans þar sem öll gögn er varða grænánastarfið skyldi vera aðgengilegt. Verkefnisstjóri sá um gerð undirsíðanna og þar er nú að finna upplýsingar um umhverfisnefndina, birtar eru samþykktar fundargerðir jafnóðum og frá og með 1. apríl skyldi umhverfisstefna Náttúruskólans vera aðgengileg.

Einnig hefur áhersla verið lögð á að upplýsa þátttakendur betur um umhverfisáherslur Náttúruskólans, annars vegar með því að birta tengil á umhverfisstefnu skólans í upplýsingapósti og hins vegar með því að kynna markmið skólans í umhverfismálum í upphafi hvers námskeiðs sem Náttúruskólinn stendur fyrir.

Að auki hefur verkefnisstjóri Náttúruskólans lagt sig fram við að vekja athygli samstarfsaðila á ferlinu, þ.e. að skólinn sé á grænni grein, og benda öðrum á gagnsemi þess og samfellu þegar skólar á annað borð beina sjónum sínum að útikennslu og/eða umhverfismennt.

Þá hefur Náttúruskólinn átt gott samstarf við verkefnisstjóra *Skóla á grænni grein* um fræðslu í umhverfismálum, námskeiðahald, fyrirlestra og fleira. Auk þess er birtur sérkaflí í Ársskýrslu Náttúruskólans um framgang verkefnisins á tilteknu ári, sjá fylgiskjal 5.

## 8. Umhverfissáttmáli Náttúruskóla Reykjavíkur

Umhverfissáttmáli Náttúruskóla Reykjavíkur var saminn af umhverfisnefnd skólans á fundi nefndarinnar 7. mars sl. Til hliðsjónar var markmiðssetning Náttúruskóla Reykjavíkur, þ.e. áhersla allrar fræðslu skólans á útikennslu og umhverfismennt. Í umhverfissáttmálanum vildu nefndarmenn einnig leggja áherslu á það að starf skólans sé með þeim hætti að það endurspegli þá fræðslu sem hann stendur fyrir, þ.e. að útikennsla og umhverfismennt sé ekki aðeins *kennd* heldur *stunduð* í Náttúruskóla Reykjavíkur.

Náttúruskóli Reykjavíkur er miðstöð þekkingar og upplýsinga um útinám og umhverfismennt.

Markmið starfseminnar er að fræða og hvetja til góðra verka í umhverfismálum.

Náttúruskólinn endurspeglar hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og er fyrirmynd í umhverfismálum.

## Fylgiskjöl

### Fylgiskjal 1 – Fundargerðir umhverfisnefndar Náttúruskóla Reykjavíkur skólaárið 2010-2011.

Fundur Umhverfisnefndar Náttúruskóla Reykjavíkur í Grasagarðinum 23. ágúst 2010 kl. 15

Fundinn sátu: Helena, Hildur, Jóhanna, Aðalheiður.

#### 1. Endurskoðun gátlista Landverndar fyrir grænfánaskóla.

Rætt hvernig aðlaga megi gátlistann að starfsemi Náttúruskólans. Ákveðið að skipta köflunum sjö niður á meðlimi umhverfisnefndarinnar þannig að hver taki tvo kafla til yfirlstrar – *sjá töflu hér að neðan*. Helena sendir gátlistann í tölvupósti til allra. Hver og einn lesi sína úthlutuðu kafla með starfsemi Náttúruskólans í huga og geri tillögur að útstrikunum, breytingum og viðbótum ef þurfa þykir. Allir mæta með sínar tillögur á næsta fund þar sem endurskoðunin verður rædd nánar.

Kafli	Yfirlstur
Innkaup og nýtni	Aðalheiður og Þórólfur
Meðhöndlun á rusli	Jónína og Hildur
Innkaup og rekstur	Þórólfur og Jónína
Umgengni og nánasta umhverfi	Hildur og Helena
Flutningar og ferðir	Jóhanna og Hafdís
Orka og vatn	Hafdís og Aðalheiður
Kynning og menntun	Helena og Jóhanna

#### 2. Önnur mál

- Ákveðið að næsti fundur verði haldinn á Garðborg mánudaginn 13. september kl. 15: 30. Hildur verður fundarstjóri og Aðalheiður fundarritari.
- Rætt um samskiptamöguleika fyrir nefndina og ákveðið að einfaldast væri að notast við tölvupóstinn.
- Ákveðið að gera samþykktar fundargerðir aðgengilegar á vef Náttúruskólans. Helena útbýr undirsíðu.

Fundi slitið kl. 15:45.

**Fundur Umhverfisnefndar Náttúruskóla Reykjavíkur á Garðaborg, 13. sept. 2010 kl. 15:30**

Mættir voru: Helena, Jónína, Jóhanna, Þórólfur og Alla.

**1. Farið yfir síðustu fundargerð.**

**2. Farið yfir gátlistann.**

Farið var yfir fyrstu fjóra kaflana, tekið út sem við vildum ekki hafa inni og bætt við nýjum hugmyndum. Ákveðið var að sameina fyrsta og þriðja kafla sem fjalla um Innkaup/nýtni og Innkaup/rekstur.

**3. Önnur mál**

- Næsti fundur ákveðinn 4. október n.k. kl. 15:30 í Borgartúni. Alla verður fundarstjóri og Þórólfur tekur að sér ritun fundargerðar.

Fundi slitið kl. 16:40

## **Náttúruskóli Reykjavíkur, umhverfissráð**

*Fundargerð 4. okt. 2010. Borgartúni 12-14 í Tindstöðum kl. 15.30*

Mættir: Helena, Hildur Arna, Hafdís, Jóhanna og Þórólfur sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Gátlisti. Aðsókn í Náttúruskólann hefur verið heldur dræm í haust. Því hefur ekki verið hægt að prufa gátlistann. Frestað þar til jólanámskeiðin byrja.

2. Flutningar og ferðir. Færa í samgöngukafla. Helena fer á eigin bíl eða á bíli sviðsins. Huga mætti að því að halda námskeiðin þar sem eru almenningssamgöngur. Hvetja þátttakendur til að taka strætó eða að sambíla.

3. Orka og vatn. Þessi kafli á ekki við. Mætti skoða námskeiðsstaðina og halda þá þar sem er umhverfisstefna.

4. Kynning og menntun. Þátttakendur í námskeiðum upplýstir um umhverfisstefnu Náttúruskólans á námskeiðum. Merkja flokkunina á rusli á námskeiðum. Hvetja til þátttöku í umhverfisviðburðum. Finna leiðir til að miðla hugmyndum á milli, jafningjafræðsla.

Áætlað að halda næsta fund í Engjaskóla 1. nóv. í stofu 7.



# Náttúruskólinn í Reykjavík.

Fundargerð 6. des. 2010.

Fundurinn fór fram í Borgartúni.

Mættir voru: Helena, Jóhanna, Hafdís, Aðalheiður og Jónína sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi var rætt:

- Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
- Umhverfsgátlistinn fyrir Náttúruskólann í Reykjavík. Helena hefur nú þegar fyllt hann út, fórum saman yfir listann og allir sammála um það sem þar stendur.
- Rædd næstu skref og ákveðið að samgöngur verði næsta þema fyrir skólann á vorönn. Í því sambandi komu ýmsar upplýsingar frá Engjaskóla í tengslum við þeirra þema og almenningsamgöngur.
- Náttúruskólinn hefur verið skráður skóli á grænni grein frá árinu 2008 og spurning er hvenær tímabært er að senda inn skýrslu og óska eftir fánanum. Ársskýrsla Náttúruskólans á að vera tilbúin 1. febr. og verður þá send sem fylgiskjal með grænfánaskýrslu.
- Ný námskeið skólans byrja í lok mars og vorönn skólans lýkur um maí/júní og spurning um að fá úttekt þá.
- Hvar á svo að flagga Grænfánanum? Er það hlutverk nefndarinnar að senda Menntaráði tillögu að því hvar fáninn á að vera? Hugmynd kom um Heiðmörk eða Grasagarðinn.

Næstu skref:

Næsti fundur: 28. febr. í Hálsakoti. Þá þarf að ganga frá námskeiðum vorannar með tilliti til samgangna.

fundi slitið.

## Fylgiskjal 2 – Gátlisti Náttúruskólans útfylltur í nóvember 2010.

### Umhverfisgátlisti fyrri Náttúruskóla Reykjavíkur á grænni grein

Innkaup og nýtni	JÁ	NEI	Athugasemdir
Innkaup eru gerð í samráði við umhverfisstefnu Umhverfis- og samgöngusviðs (ISO 14001).	x		
Við innkaup skal haft að leiðarljósi að versla hóflega og þess gætt að keypt vara sé vönduð og endist vel.	x		
Keyptar eru vörur og efni með viðurkenndum umhverfismerkjum.		x	Ekki alltaf
Forðast skal að kaupa plasthluti sem innihalda PCB.	x		
Nota skal íslenskan eldivið.	x		
Náttúruskóli Reykjavíkur notar ekki einnota búnað. Þátttakendur á námskeiðum eru hvattir til að taka með eigin drykkjarmál.	x		

Meðhöndlun á rusli	JÁ	NEI	Athugasemdir
Allt rusl sem fellur til í starfsemi Náttúruskólans er flokkað samkvæmt umhverfismarkmiðum Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkur.	x		
Flokkun úrgangs er kynnt nemendum og kennurum á vegum skólans.	x		
Allir þátttakendur í starfi Náttúruskólans taka sinn eigin úrgang með heim og eru hvattir til að endurvinna hann.		x	
Utandyra á námskeiðum er lífrænn úrgangur urðaður þar sem það er mögulegt.	x		
Sé það ekki mögulegt er lífrænum úrgangi skilað til Grasagarðs Reykjavíkur til moltugerðar.	x		
Aska er urðuð á kennslusvæði.	x		

Umhengni og nánasta umhverfi	JÁ	NEI	Athugasemdir
Enginn er á inniskóm úti!! – Þeir sem sjá um fræðslu á vegum Náttúruskólans eru til fyrirmyndar í viðeigandi klæðnaði og umhengni á kennslusvæði.	x		
Kennsla á vegum Náttúruskóla Reykjavíkur fer fram á kennslusvæðum skóla sem flagga grænfána eða á svæðum sem hafa sett sér umhverfisstefnu með öðrum hætti.	x		
Nemendur eru hvattir til að koma til fræðslunnar á umhverfisvænan hátt, þ.e. fótgangandi eða hjólandi fremur en á einkabíl.		x	
Þeir sem koma á einkabíl eru hvattir til að samnýta ferðir.		x	
Kennsla á vegum Náttúruskóla Reykjavíkur fer fram á kennslusvæðum sem taka mið af almenningssamgöngum og möguleiki til að nýta sér almenningssamgöngur kynntur í upplýsingapósti fyrir námskeiðsdag.		x	
Nemendum kynnt vernduð og friðuð svæði í nágrenni kennslusvæðis.		x	
Allt rusl sem safnast við kennslu er tekið með af kennslusvæði, flokkað og skilað skv. gátlista þessum.	x		

Kynning og menntun	JÁ	NEI	Athugasemdir
Umhverfisstefna Náttúruskólans er skýr og aðgengileg á vef Náttúruskólans	x		Birt 1. apríl 2011
Umhverfisstefna Náttúruskólans er kynnt á námskeiðum á vegum skólans.	x		
Starfsfólk á vegum Náttúruskólans er upplýst um umhverfisstefnu skólans.	x		
Umhverfisstefna Náttúruskólans fylgi gögnum af námskeiðum sem send eru þátttakendum eða vísað á hlekk á heimasíðu þar sem upplýsingarnar eru aðgengilegar.		x	Stefnt að því að bæta úr þessu á vormisseri.

Skrefin sjö	JÁ	NEI	Athugasemdir
1. Í Náttúruskóla Reykjavíkur starfar umhverfisnefnd	x		júní 2010
2. Í Náttúruskóla Reykjavíkur hefur staða umhverfismála verið metin skv. gátlista.	x		nóvember 2010
3. Gerð hefur verið áætlun um aðgerðir og markmið í umhverfismálum.	x		desember 2010
4. Stöðugt eftirlit og endurmat er í gangi.	x		
5. Nemendur Náttúruskóla Reykjavíkur og starfsfólk fær fræðslu um umhverfismál	x		
6. Náttúruskóli Reykjavíkur kynnir umhverfisstefnu sína út á við og hvetur aðra til þátttöku.	x		
7. Náttúruskóli Reykjavíkur hefur sett sér umhverfissáttmála.	x		mars 2011

## Fylgiskjal 3 – Sýnishorn af upplýsingapósti, fyrir og eftir áherslur vormisseris.

**Helena Óladóttir/BV/RVK/IS**  
24.09.2010 13:54

To Edda.Julia.Helgadóttir@reykjavik.is,  
emiliag@snsk.kopavogur.is,  
Hafdis.Ragnarsdóttir@reykjavik.is,  
arnheidur@environice.is,  
Johanna.Hoskuldsdóttir@reykjavik.is,  
Johanna.Sigrídur.Sigurdardóttir@reykjavik.is,  
Sigurjona.Bjorgvinsdóttir@reykjavik.is,  
Anna.Sigrídur.Skuladóttir@reykjavik.is

cc

Subje ct Norræni loftslagsdagurinn - Námskeið í næstu viku

Sæl!

Þið eruð skráð til leiks á námskeiðinu **Norræni loftslagsdagurinn** sem haldið verður næsta miðvikudag, 29. september, á vegum Náttúruskóla Reykjavíkur.

Að námskeiðinu standa, auk Náttúruskólans, *Skólar á grænni grein*, Menntamálaráðuneytið, Námsgagnastofnun og Veðurstofa Íslands.

Námskeiðið hefst stundvíslega kl. 14:30 með fyrirlestri Halldórs Björnssonar, okkar helsta sérfræðings í loftslagsmálum, þar sem hann fjallar vítt og breytt um þessa helstu umhverfisógn sem að okkur steðjar, og við eigum sannanlega sök á. Að erindi hans loknu verður Námsgagnastofnun með kynningu á námsefni sem stofnunin hefur gefið út og fjallar um loftslagsmál. Því næst kynnis Menntamálaráðuneytið verkefnasamkeppni sem skólum býðst að taka þátt í í tilefni af norræna loftslagsdeginum 11. nóvember nk. Síðast á dagskránni verður svo fjallað um hugmyndir að kennsluverkefnum um loftslagsmál sem stutt geta við undirbúning nemenda fyrir þátttöku í verkefnasamkeppninni. Námskeiðinu lýkur kl. 17:00.

Námskeiðið fer fram í húsnæði Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12-14 í kennslustofu á 7. hæð - austur sem nefnist *Vindheimar*. Best er að nota eystri innganginn (þann sem er nær turninum) og kennslustofan er til vinstri handar þegar komið er upp á 7undu hæð.

Það eru ekki margir þátttakendur skráðir til leiks en við teljum mikilvægt að styðja kennara í að takast á við loftslagsmál í starfi sínu. Ég bið ykkur sérstaklega um að huga að tímasetningu námskeiðsins og vera stundvís. Ef þið sjáið ykkur ekki fært að mæta er einnig mikilvægt að þið tilkynnið forföll (Helena gsm 693 2948).

Kv. Helena.

Helena Óladóttir  
verkefnisstjóri Náttúruskóla Reykjavíkur

Skrifstofa Náttúru og útivistar  
Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkur  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík  
beinn sími 411 8535

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

 Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.

Helena Óladóttir  
<helena.oladottir@reykjavik.is>

To

cc

03.03.2011 09:23

Subje Stærðfræði og útikennsla - Upplýsingar til þátttakenda  
ct

Sæl!

Þið eruð skráð sem þátttakendur á námskeiðinu **Stærðfræði og útikennsla** sem Náttúruskólinn heldur 27. apríl nk.

Hér er ýmislegt sem þið þurfið að vita áður en að námskeiðinu kemur og ég bið ykkur um að lesa póstinn vel yfir:

1. Námskeiðið fer fram í Grasagarði Reykjavíkur í Laugardal kl. 15-17. Ég verð klukkan þrjú við aðalinngang Grasagarðsins sem er beint á móti innganginum í Húsdýragarðinn og tek á móti ykkur. Þaðan göngum við inn í garðinn svo það er um að gera að vera stundvís því eftir kl. 15 getur verið erfitt að finna okkur í garðinum.
2. Við ætlum að fara í u.þ.b. 12 leiki svo þetta er ansi þétt námskeið enda er markmið þess að miðla hugmyndum af fjölbreyttum stærðfræðiverkefnum utandyra. Þið þurfið ekki að taka nein gögn eða ritföng með ykkur. Allar glósur eru sendar rafrænt að námskeiði loknu.
3. Ég vil biðja ykkur um að koma vel búin. Námskeiðið byggist ekki á hreyfileikjum og það getur verið napurt að halda kyrru fyrir útivið enda aldrei að vita hvernig veðrið verður.
4. Það eina sem þið þurfið að koma með er drykkjarmál en í lok námskeiðsins er boðið upp á heita hressingu og af umhverfissjónarmiðum útvegar Náttúruskólinn ekki einnota drykkjarmál.
5. Ég minni á að þáttökugjaldið er kr. 2.000,- fyrir kennara í skólum Reykjavíkur, kr. 5.000,- fyrir aðra. Þáttökugjaldið er innheimt að námskeiði loknu með greiðsluseðli (án seðilgjalds). Ef þið sjáið ekki fram á að geta nýtt ykkur pláss ykkar á námskeiðinu bið ég ykkur einnig um að tilkynna forföll, annað hvort í tölvupósti eða gsm 693 2948. Sé það ekki gert er þáttökugjaldið innheimt engu að síður.
6. Náttúruskóli Reykjavíkur er á grænni grein og árið 2011 er lögð áhersla á *umhverfisvænar samgöngur* í starfsemi skólans. Að því tilefni viljum við hvetja ykkur til að nýta umhverfisvæna ferðamáta, s.s. almenningssamgöngur til að komast á kennslustað:
  - Leið 15 (frá Hlemmi) kemur að Laugardalshöll kl. 14:50
  - Leið 17 (frá Hlemmi) kemur að Laugardalshöll kl. 14:50
  - Leið 17 (frá Mjódd) kemur að Laugardalshöll kl. 14:33
  - Leið 3 og 19 (frá Mjódd) kemur að Laugardalshöll kl. 14:54
7. Við hvetjum þá sem þurfa að treysta á einkabílinn til að komast á námskeiðið til að samnýta ferðir og bjóða öðrum far!

Ykkur er að sjálfsgöðu velkomið að hringja ef einhverjar spurningar vakna (Helena gsm 693 2948).

Kær kveðja, Helena.

Helena Óladóttir  
verkefnisstjóri Náttúruskóla Reykjavíkur  
Umhverfisstefna Náttúruskóla Reykjavíkur:  
[http://natturuskoli.is/default.asp?sid\\_id=52260&tre\\_rod=007|003|&tld=1](http://natturuskoli.is/default.asp?sid_id=52260&tre_rod=007|003|&tld=1)

Skrifstofa Náttúru og útivistar  
Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkur  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

beinn sími 411 8535

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

 Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.

## Fylgiskjal 4 – Sýnishorn af heimasvæði verkefnisins á vef Náttúruskólans.

Náttúruskólinn - Á grænni grein - Windows Internet Explorer


http://natturuskoli.is/default.asp?sid\_id=50856&tre\_rod=007&tid=1

File Edit View Favorites Tools Help

Náttúruskólinn - Á grænni grein

Forsíða Fréttir Náttúruskólinn Samstarfsaðilar Útgáfa Hafa samband

Náttúruskóli Reykjavíkur



**Náttúruskóli Reykjavíkur er á grænni grein!**

Náttúruskóli Reykjavíkur hefur einsett sér að huga að umhverfinu í öllu sínu starfi. Náttúruskólinn komst á græna grein árið 2009 en það var fyrst að hausti 2010 sem fyrsta umhverfisnefnd skólans hóf starf. Náttúruskólinn stefnir ótrauður að því markið að flaggja Grænfánanum árið 2011.

Hér má lesa um umhverfisnefnd Náttúruskólans 2010-2011 og hér má nálgast fundargerðir umhverfisnefndarinnar.

- Allt um útinám
- Námskeið fyrir kennara
- Útistofa í Heiðmörk
- Menntun til sjálfbærni
- Á grænni grein
  - Umhverfisnefnd Náttúruskólans
  - Fundargerðir umhverfisnefndar
  - Umhverfisstefna

Útikennsluskrín

Veldu námsgrein  
Allar námsgreinar

Veldu aldurstig  
Öll aldurstig

Leita að námsefni

## Náttúruskólinn á grænni grein

Náttúruskóli Reykjavíkur er skóli á grænni grein eftir að hafa formlega sótt um aðild að verkefninu í febrúar 2009. Lengi vel var óvissa hvort og þá með hvaða hætti Náttúruskólinn gæti fylgt skrefunum sjö sem grunn- og leikskólar stíga til að geta flaggað grænfánanum sem viðurkenningu fyrir störf að umhverfismálum. Einkum var það umhverfisnefnd skólans sem vafðist fyrir verkefnisstjórn *Skóla á grænni grein*. Vorið 2009 fékk Náttúruskólinn jákvæðar undirtektir við skipan umhverfisnefndarinnar og leiðbeiningar þar um en það var ekki fyrr en vorið 2010 sem fyrsta umhverfisnefnd Náttúruskóla Reykjavíkur var skipuð. Það var verkefnisstjórn Náttúruskólans sem tók ákvörðun um hvernig nefndin skyldi skipuð, þ.e. í henni skyldu sitja fulltrúar nemenda Náttúruskólans (2 fulltrúar grunnskóla, 2 fulltrúar leikskóla og 1 fulltrúi annarra), fulltrúi verkefnisstjórnar Náttúruskólans ásamt verkefnisstjóra.

Í maí var auglýst eftir sjálfbóðaliðum í umhverfisnefndina og fengust jákvæð svör frá mörgum. Á fundi verkefnisstjórnar var farið yfir umsækjendur og ákveðið að bjóða fimm fulltrúum nemenda sæti í nefndinni sem þeir allir þáðu. Nefndinni er ætlað að sitja skólaárið 2010-2011 en það helst í hendur við þann tíma sem skólinn fær heimild til að flagga fánanum, þ.e. í eitt ár í senn.

Í fyrstu umhverfisnefnd Náttúruskóla Reykjavíkur sitja eftirtalin:

- Hafdís Ragnarsdóttir, grunnskólakennari í Foldaskóla
- Jóhanna Höskuldsdóttir, grunnskólakennari í Engjaskóla
- J. Aðalheiður Vilhjálmsdóttir, leikskólakennari í Garðaborg
- Jónína Guðný Bjarnadóttir, leikskólakennari í Hálsakoti
- Hildur Arna Gunnarsdóttir, fræðslustjóri Grasagarðs Reykjavíkur
- Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri, Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkur
- Helena Óladóttir, verkefnisstjóri Náttúruskóla Reykjavíkur

Umhverfisnefndin kom saman í júní 2010 en fyrsti formlegi fundur nefndarinnar var haldinn í ágúst 2010. Nefndin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Á vef Náttúruskólans var búið til sérstakt svæði fyrir upplýsingar um grænfánastarfið og þar er að finna allar samþykktar fundargerðir umhverfisnefndar.

Á haustmánuðum lagði nefndin áherslu á að meta stöðu umhverfismála í Náttúruskólanum svo hún gæti betur gert sér grein fyrir hvar helst væri þörf úrbóta. Mikil vinna fólst í að betrubæta gátlista verkefnisins og laga hann að starfsemi Náttúruskólans. Að þeirri vinnu lokinni var rætt um markmið skólaársins og hvenær stefnt skuli að því að flagga grænfánanum.

